

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, Dimmuborgir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að svæði við Dimmuborgir sem skilgreint er „innan landgræðslugirðingar“ (óbyggð svæði) breytist í stofnanasvæði (svæði fyrir þjónustustofnanir). Svæðið, sem er um 2,9 ha að stærð, nær til núverandi bílastæðis og 30-60 m inn fyrir núverandi landgræðslugirðingu utan um Dimmuborgir.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 8. október 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 24. október 2007